

Hafnarfirði, 22. apríl 2020

Efni: Tillaga Samfylkingarinnar lögð fram á fundi fjölskylduráðs þann 8.apríl 2020.

Fulltrúi Samfylkingarinnar í fjölskylduráði lagði fram eftirfarandi tillögu á fundi ráðsins þann 8. apríl 2020:

Fjölskylduráð samþykkir að gjaldskrárhækkanir á fjölskyldu- og barnamálasviði sem samþykktar voru við gerð síðustu fjárhagsáætlunar verði dregnar til baka frá og með sl. mánaðamótum. Um var að ræða 24% hækkun á heimaþjónustu aldraðra og öryrkja og rúmlega 100% hækkun á ferðaþjónustu aldraðra. Lækkunin gildi út þetta ár.

Greinargerð:

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir yfirstandandi ár hækkuðu gjaldskrár fjölskyldu- og barnamálasviðs. Heimaþjónusta aldraðra og öryrkja hækkaði um 24% og ferðaþjónusta aldraðra um rúmlega 100%. Gert var ráð fyrir því að þessar hækkanir myndu skila rúmum fimm milljónum í tekjur fyrir bæjarjóð. Samfylkingin leggur til að þessar hækkanir verði dregnar til baka frá og með sl. mánaðamótum.

Við þær aðstæður sem nú eru upp í samfélaginu vegna Covid-19 er mikilvægt að stjórnvöld bregðist við og verji hópa í viðkvæmri stöðu. Í tengslum við gerð lífskjarasamninga var þeim tilmælum beint til sveitarfélaganna að hækkunir á gjaldskrár yrðu ekki umfram 2,5%.

Við þessar aðstæður er mikilvægt að grípa fljótt til aðgerða. Það er skylda sveitarfélagsins að verja hópa í viðkvæmri stöðu og því er rétt að draga þessar hækkanir strax til baka.

Bókun ráðsins var eftirfarandi: „Lagt fram. Tillögunni vísað til áframhaldandi vinnu á sviðinu. Tekin fyrir á næsta fundi ráðsins.“

Í vinnu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 var gerður ítarlegur samanburður á gjaldaskrá m.a. vegna heimaþjónustu og akstursþjónustu eldri borgara. Eins og sjá má á skjali sem lagt var fram við þá vinnu (sjá hlekk hér að neðan) þá var gjaldskrá Hafnarfjarðarkaupstaðar langlægst og hafði greinilega dregist mjög aftur úr öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Að mati bæjaryfirvalda var ástæða til að færa gjaldskrána nær því sem gerist í samanburðarsveitarfélögum. Hækkunin miðaðist við að tekið var meðaltal upphæða í sveitarfélögum og miðað við að gjaldskrá Hafnarfjarðar væri 90% af því meðaltali. Hafnarfjarðarbær er því enn með mjög hóflega gjaldskrá fyrir umrædda þjónustu.

http://one/onecrm/actions/displaydocument.aspx?id=tLD8t0il_UKaiFg3eZTung&randomid=

Mikilvægt er að gæta að því að verja tekjulægstu hópana og má nefna að gjaldskrá heimaþjónustu er á þann veg að þeir sama hafa einungis ellilífeyri, fulla tekjutengingu og heimilisuppbót greiða ekki gjald fyrir heimaþjónustuna.

Rannveig Einarsdóttir,
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs



HAFNARFJÖRÐUR